

Ed.

238. Frumvarp

til laga um þingfararkaup alþingismanna.

(Eftir 2. umr. i Ed.).

1. gr.

Alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, skulu hafa í fæðispeninga 9 kr. fyrir hvern dag, frá því þeir fara að heiman til alþingis og þar til þeir koma heim aftur. Alþingismenn, sem búsettir eru í Reykjavík, fá í fæðispeninga 6 kr. fyrir hvern dag, meðan þingið stendur yfir.

2. gr.

Ferðakostnað fá alþingismenn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, sem hjer segir:

1.	Úr Suður-Múlasýslu.....	kr. 180,00
2.	— Norður-Múlasýslu	— 190,00
3.	— Seyðisfirði	— 110,00
4.	— Norður-Þingeyjarsýslu	— 170,00
5.	— Suður-Þingeyjarsýslu	— 160,00
6.	— Eyjafjarðarsýslu	— 130,00
7.	— Akureyri	— 80,00
8.	— Skagafjarðarsýslu	— 120,00
9.	— Húnavatnssýslu	— 120,00
10.	— Strandasýslu	— 120,00
11.	— Norður-Ísafjarðarsýslu	— 80,00
12.	— Ísafirði	— 50,00
13.	— Vestur-Ísafjarðarsýslu	— 60,00
14.	— Barðastrandarsýslu.....	— 70,00
15.	— Snæfellsnessýslu	— 60,00
16.	— Dalasýslu	— 60,00
17.	— Mýrasýslu.....	— 50,00
18.	— Borgarfjarðarsýslu	— 50,00
19.	— Gullbringu- og Kjósarsýslu.....	— 20,00
20.	— Árnessýslu	— 70,00
21.	— Rangárvallasýslu	— 90,00
22.	— Vestur-Skaftafellssýslu	— 280,00
23.	— Austur-Skaftafellssýslu	— 340,00
24.	— Vestmannaeyjum	— 20,00
25.	— Danmörku	— 190,00

3. gr.

Nú verður tálmi á þingför alþingismanns af ís, slysum eða öðrum óviðráðanlegum atvikum, og á hann rjett til endurgjalds á þeim kostnaði, er þar af leiðir.

4. gr.

Sameinað alþingi kys nefnd, sem úrskurðar þingfararkaupsréikninga alþingismanna, en forseti í hlutaðeigandi deild ávisar upphæðunum.

5. gr.

Útgjöld samkvæmt lögum þessum greiðast úr landssjóði.

6. gr.

Með lögum þessum er 37. gr. laga 14. sept. 1877 um kosningar til alþingis úr gildi feld.